

Viðbrögð við ofbeldi og kynbundnu ofbeldi gagnvart börnum

Í stofnunum Kópavogsbæjar er vanræksla, líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi ekki liðið gagnvart börnum. Ef grunur vaknar um slíkt er fylgt [verklagsreglum Kópavogs](#).

Í 2. gr. jafnréttislaga nr. 150/2020 segir m.a.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu þess sem fyrir henni verður, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Í Snælandsskóla fær starfsfólk reglulega fræðslu um samskipti á vinnustað, einelti og kynferðislega áreitni en jafnframt er starfsfólki kynnt áætlun um það hvaða viðurlaga skuli gripið til ef starfsmaður verður uppvís að kynferðislegri / kynbundinni áreitni eða einelti.

Þegar grunur leikur á að barn hafi verið beitt ofbeldi

- Grunur kviknar um að barn hafi verið beitt ofbeldi. Sá sem grunur vaknar hjá tilkynnir málið beint til stjórnanda stofnunar.
- Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar.
- Stjórnandi stofnunar hefur samráði við barnavernd um eftirfylgni með barninu.
- Sé mál tilkynnt til barnaverndar kannar nefndin málið og sér um vinnslu þess.
- Sé gerandi óþekktur þá upplýsir stjórnandi stofnunar forsjáraðila barns eins fljótt og hægt er um málsatvik og mögulega tilkynningu til barnaverndar.

Þegar grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun

- Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun ber ávallt að tilkynna gruninn til barnaverndarnefndar sem sker úr um hvort grunur sé á rökum reistur.
- Barnaverndarnefnd fylgir málinu áfram til Barnahúss, ef það telur ástæðu til. Þar fær barn svokallað rannsóknarviðtal og meðferð.
- Best er að sem fæstir fái vitneskju um málið því slík mál eru mjög viðkvæm.

Þegar grunur leikur á að barn hafi beitt annað barn ofbeldi

- Starfsmaður sem fær vitneskju um að barn beiti annað barn ofbeldi skal grípa inn í málið. Ef ekki tekst að leysa úr málum eða ofbeldið er mjög alvarlegt skal tilkynna það stjórnanda stofnunar.
- Ef stjórnanda stofnunar tekst ekki að stöðva ofbeldið, í samvinnu við forsjáraðila, leitar hann ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar.
- Sé mál tilkynnt kannar barnavernd málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.

Þegar grunur leikur á að barn hafi beitt annað barn kynferðislegu ofbeldi

- Starfsmaður sem fær grun/vitneskju um að barn hafi beitt annað barn kynferðislegu ofbeldi skal hann tilkynna það stjórnanda stofnunar.
- Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar. Meti tengill aðstæður þannig að ekki sé ástæða til tilkynningar að sinni, boðar stjórnandi stofnunar forsjáraðila í viðtal, að öðrum kosti tekur barnavernd við máli.
- Stjórnandi stofnunar boðar forsjáraðila beggja barna í viðtal eins fljótt og hægt er. Forsjáraðilar eru boðaðir sitt í hvoru lagi.
- Sé mál tilkynnt til barnaverndar kannar nefndin málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.

Við úrvinnslu ofbeldismála milli nemenda, hvort sem um er að ræða kynferðislegt ofbeldi eða annars konar ofbeldi, þarf skólinn að huga að velferð allra aðila sem tengjast málinu. Oft eru mál unnin í samráði við barnavernd en í öllum tilvikum þarf að gæta meðalhófs í viðbrögðum og fylgja stjórnáráðum við meðferð mála. Hugsa skal að samskiptum og samveru milli barna þegar grunur leikur á að barn hafi beitt annað barn ofbeldi. Skólinn reynir að haga stundatöflum nemenda þannig að aðilar máls hittist sem minnst meðan málið er í rannsókn og þar til báðir aðilar hafa fengið aðstoð sem ákveðin er í samráði við barnavernd og menntasvið Kópavogs.

Þegar grunur leikur á að barn hafi beitt starfsmann ofbeldi

- Starfsmaður sem verður fyrir ofbeldinu af hálfu barns upplýsir stjórnanda stofnunar.
- Ef stjórnanda stofnunar tekst ekki að stöðva ofbeldið, í samvinnu við forsjáraðila, leitar hann ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar.
- Sé mál tilkynnt kannar barnavernd málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.
- Stjórnandi stofnunar veitir starfsmanni aðstoð eftir þörfum

Þegar grunur leikur á að atferli starfsmanns sé stórlega ábótavant sbr. 35. gr. barnaverndarlaga

- Ef grunur vaknar eða ábending berst um að hegðun eða annað atferli starfsmanns gagnvart barni/börnum sé stórlega ábótavant skal tilkynna það stjórnanda stofnunar.
- Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar. Sjá nánar verklag við könnun máls á grundvelli 35. gr. barnaverndarlaga.
- Stjórnandi stofnunar hefur samráði við barnavernd um eftirfylgni með barninu. Stjórnandi stofnunar fylgir Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um brot gagnvart barni.
- Sé mál tilkynnt til barnaverndar kannar nefndin málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.

Þegar grunur leikur á að starfsmaður hafi brotið gagnvart barni

Starfsfólk stofnana Kópavogsbæjar skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi og gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Jafnframt skal starfsfólk gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu. Verði brestur á þessu ber stjórnendum að bregðast við með viðeigandi hætti. Slík mál geta verið ólík og stundum getur verið erfitt að greina hvort starfsmaður hafi brotið af sér. Ásakanir eða grun verður að rannsaka þegar í stað og ganga úr skugga um hvort um brot sé að ræða. Stjórnendur skulu gæta fyllsta hlutleysis við rannsókn máls.

Ef starfsmaður skóla er grunaður um kynferðislega misnotkun gagnvart barni það er kært til lögreglu eða barnaverndarnefndar, allt eftir eðli máls og framhald málsins í þeirra höndum. Eðlilegt er að viðkomandi starfsmaður sé leystur frá störfum á meðan rannsókn fer fram.

Tilkynning um brot þarf að berast stjórnanda stofnunar. Tilkynning skal vera skrifleg og ef brotið er tilkynnt munnlega skal stjórnandi skrá niður tilkynninguna og tilkynnandi skrifar undir. Stjórnandi kannar málið strax samkvæmt Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi og leitar strax ráðgjafar hjá barnavernd.

Stjórnandi skal gæta þess við alla vinnslu málsins að fylgja stjórnsýslulögum í hvívetna, (rannsóknarregla, jafnræðisregla, meðalhöfsregla, andmælaréttur og upplýsingaréttur).

Stjórnandi skal leita aðstoðar starfsmannadeildar og menntasviðs við vinnslu máls.